

12. JANÚAR
2023

HARPA
ELDBORG

Hough spilar Beethoven



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd verka

Alceste-forleikur: 8'

Píanókonsert nr. 3: 36'

Eldar: 11'

La mer: 23'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Hough spilar Beethoven

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen

Hljómsveitarstjóri

Sir Stephen Hough

Einleikari

Christoph Willibald Gluck

Alceste – forleikur (1767)

Ludwig van Beethoven

Píanókonsert nr. 3 í c-moll, op. 37 (1800–1801)

Allegro con brio

Largo

Rondo – Allegro

Hié

Raminta Šerkšnytė

Eldar (*Ugnys*) (2010)

Misterioso

Con brio

Claude Debussy

La mer (*Hafið*) (1903–1905)

De l'aube à midi sur la mer (Frá dögum til hádegis við hafið)

Jeux de vagues (Ölduleikur)

Dialogue du vent et de la mer (Samtal vindsins og hafsins)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panulakeppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og BBC-sinfóníuhljómsveitinni. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Eva er tíður gestakennari við Sibeliusarakademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni.

Síðasta sumar þreytti Eva frumraun sína með BBC-sinfóníuhljómsveitinni á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum, þar sem hún stjórnaði heimsfrumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, auk þess að stjórna Fílharmóníusveit Los Angeles í fyrsta sinn á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl og Walt Disney Hall.



Sir Stephen Hough

EINLEIKARI

Sir Stephen Hough er einn virtasti og fjölhæfasti píanóleikari samtímans. Hann var fyrsti klassíski tónlistarmaðurinn til að hljóta hin eftirsóttu MacArthur-verðlaun (2001), var gerður að heiðursfélaga í Royal Philharmonic Society (2016) og var sæmdur riddarakrossi (CBE) af Elísabetu Bretadrottningu árið 2014. Í júní 2022 var hann svo aðlaður og hlaut þá heiðursnafnbótina Sir, skömmu áður en drottningin féll frá. Þá hefur hann verið útnefndur einn af 20 helstu fjölfræðingum veraldar af tímaritinu The Economist.

Síðan Hough bar sigur úr bytum í Naumburg-píanókeppninni í New York 1983 hefur hann komið fram með öllum helstu hljómsveitum heims og haldið einleikstónleika í Lundúnum, New York (Carnegie Hall og Lincoln Center), París, Hong Kong og Sídney, og m.a. komið fram í sjónvarpi með Berlínarfílharmóníunni og Sir Simon Rattle. Hann hefur einnig komið fram á fjölda tónlistarháttáða, m.a. í Aldeburgh, Edinborg, Salzburg og Tanglewood. Þá hefur hann komið fram 29 sinnum á PROMS-tónlistarháttíð Breska ríkisútvarpsins (BBC). Hough hefur hljóðritað yfir 60 geisladiska sem hafa hlotið ótal alþjóðleg verðlaun. Hann er einnig afkastamikill tónskáld og mikilsvirtur rithöfundur og skrifar reglulega um tónlist í The Guardian, The Times, Gramophone og BBC Music Magazine.

Sir Stephen Hough er listamaður í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands á yfirstandandi starfsári. Annað kvöld, föstudagskvöldið 13. janúar, leikur Hough á stuttum einleikstónleikum í Föstudagsröðinni í Norðurljósum auk þess að spjalla um líf sitt og störf og árita bæði plötur og bækur. Þann 23. febrúar næstkomandi snýr Hough svo aftur til hljómsveitarinnar í Eldborg og leikur annan píanókonsert Rakhmanínovs en báðir konsertar eru á efnisskrá tónleikaferðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Bretlands í apríl þar sem Hough verður einleikari.



Christoph Willibald Gluck

ALCESTE, FORLEIKUR

Nú til dags sést nafn þýska tónskáldsins Christophs Willibalds Gluck (1714-1787) oftast á síðum alfræðibóka um tónlist en á efnisskrám tónleikasala og óperuhúsa – en hans er minnst fyrir að hafa umbylt hefð alvarlegra óperusmíða á átjándu öld og blásið nýju lífi í hana um leið. Gluck, sem var hirðtónskáld í Víðarborg, þótti óperuhéðin staðin og óeðlileg og gangast um of upp í því að leyfa söngvurum að leika listir sínar í stað þess að láta tónlistina fella sig að lögmálum ljóðtexta og dramatískrar framvindu.

Þótt óperan *Orefo ed Euridice* frá 1762 sé eflaust frægasta verk Glucks var það í formála að prentútgáfu næstu óperu hans, *Alceste*, sem frumsýnd var 1767, sem Gluck og skoðanabróðir hans og líbrettisti, Ranieri de' Calzabigi, útlistuðu hina nýju stefnu í óperusmíð. Hún fól meðal annars í sér einfalda og skiljanlega framsetningu texta og mikla takmörkun á öllum endurtekningum og óþörfu söngflúri. Laglínur skyldu vera þokkafullar og búa yfir „hinum fagra einfaldleika“ – náttúrulegri tjáningu og sannferðugri framsetningu tilfinninganna. Þá var mikilvægt að forleikurinn að óperunni gæfi tilfinningalegan forsmekk að því sem koma skyldi.

Í forleiknum að *Alceste* má svo sannarlega heyra laglínur sem búa yfir „hinum fagra einfaldleika“. Þær eru þó bæði dimmar, dulúðugar og dramatískar – eins og hæfir söguefninu. Óperan byggir á harmleik Evrípedesar um Alkestis og Aðmetos konungshjón í Feru. Söngguðinn Appolón hefur með klækjum frelsað Aðmetos úr klóm dauðans gegn því að einhver annar hverfi til Hadesarheims í hans stað. Alkestis fellst á að gerast staðgengill bónda síns en í þann mund sem hún er kvödd með tárum birtist hetjan Herakles í höll Aðmetosar. Hann heitir því að heimta Alkestis úr helju – en það reynist ekki þrautalaust.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Forleikurinn að *Alceste* hefur aldrei hljómað á tónleikasviði á Íslandi fremur en óperan í heild.



Ludwig van Beethoven

PÍANÓKONSERT NR. 3

Þótt elstu skissurnar að píanókonsert nr. 3 séu frá 1796 lauk Ludwig van Beethoven (1770-1827) ekki við verkið fyrr en 1803, rétt í tæka tíð fyrir mikla stórtónleika á verkum tónskáldsins. Á efnisskránni voru auk konsertsins í flutningi Beethovens sjálfs tvær fyrstu símfóníur hans og til viðbótar óratorían Kristur á Olúfjallinu. Reyndar er ofsögum sagt að píanókonsertinn hafi verið fyllilega frágenginn fyrir tónleikana eins og nemandi Beethovens, Ignaz von Sayfried, sem fékk það hlutverk að fletta blaðsíðunum fyrir Beethoven komst að raun um: “Stundum komu fyrir auðar blaðsíður með kroti hér og þar sem minnti á egypskar hýróglífur – algerlega óskiljanlegar”.

Beethoven samdi alls fimm píanókonserta og bera fyrstu tveir mjög svipmót píanókonserta Mozarts. Mörgum þykir sá þriðji marka þáttaskil á ferli Beethovens og um leið brúa bilið inn í myrkari og persónulegri – rómantískari – tónsmíðar hans. Verkið var samið á miklum umbrotatímum í lífi hins unga tónskálds. Á sama tíma og Beethoven náði fullum þroska í list sinni fóru óveðursskýin að hrannast upp í sálarlífinu, heyrnarleysið fór að gera vart við sig, innri átök mögnuðust og örvæntingin var ekki langt undan. Í píanókonserti nr. 3 má heyra hvernig tónlistin dýpkaði um leið: Tónskáldið leikur sér að ljósi og skuggum í þremur köflum, tónlistin er mun átakameiri en í fyrri konsertunum tveimur og hlutverk bæði hljómveitar og einleikara veigameiri en áður tíðkaðist. Töntegundin er c-moll sem Beethoven notaði aðeins í sínum örlagaþrungnustu verkum. Andi Mozarts er þó ekki órafjarri hér heldur: Á meðan hann vann að konsertinum mun Beethoven hafa kynnst hinum óvenjulega myrka og dramatíska c-moll píanókonserti Mozarts, K. 491 sem ekki var gefinn út á prenti fyrr en árið 1800 og var hrifning hans á því verki fölskvalaus og djúp – og áhrifin ótvíræð.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Rögnvaldur Sigurjónsson spilaði fyrstur manna þriðja píanókonsert Ludwigs van Beethoven á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu snemma vors 1954 og strax sama haust lék Jórunn Viðar konsertinn á sama stað. Síðan þá hefur verkið hljómað samtals 18 sinnum á tónleikum hljómveitarinnar, síðast í september 2020 í flutningi Víkings Heiðars Ólafssonar undir stjórn Evu Ollikainen. Á afar eftirminnilegum tónleikum í Háskólabíói í árslok 1971 lék Daniel Barenboim konsertinn undir stjórn Vladimirs Ashkenazy en á sömu tónleikum túlkaði Ashkenazy píanó-konsert Beethovens nr. 1 með Barenboim á stjórnendapalli Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Fyrsti kaflinn, *Allegro con brio*, er spennubrunginn og dramatískur þar sem dulúðugur hljómsveitarinngangur magnar upp lævi blandið andrúmsloft. Píanóparturinn hefst svo á einskonar áhlaupi – hröðum skölum sem brjótast upp úr undirdjúpunum áður en upphafsstefið er leikið af krafti í áttundum sem teygja sig alveg upp á háa g – gott dæmi um hvernig Beethoven fylgdist með þróun hljóðfærisins og tók þátt í að þenja út möguleika þess, en aðeins nýjustu flyglar státuðu af nótum fyrir ofan hið hefðbundna fimm áttunda tónsvið. Annar kaflinn, *Largo*, er hægur og mildur, í hinni björtu tóntegund E-dúr, og kemur sem himnesk huggun í miðju öldurótinu. Lokakaflinn *Rondo - Allegro* er margræður og meistaralega saminn – glaðvær og gráglettinn í senn. Beethoven heldur hlustandanum sannarlega á sætisbrúninni í æsilegu rondói sem tekur stöðugt óvæntar beygjur uns sögunni lýkur í sigurreifum C-dúr.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Verkið *Eldar* eftir Raminta Šerkšnytė hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi.

Raminta Šerkšnytė

ELDAR

Litháiska tónskáldið Raminta Šerkšnytė er fædd 1975 í Kaunas í Litháen. Hún er eitt fremsta tónskáld heimalands síns og jafnframt leiðandi afl í samtímatónlist Eystrasaltsríkjanna. Tónlist hennar einkennist jöfnum höndum af tilfinningalegum slagkrafti og ljóðrænum, allt að því dulrænum trega. Í henni leitast hún við að sameina ýmsar andstæður – hið austræna og vestræna, forn þjóðlög og glænýja framúrstefnutónlist, jafnvel dúr og moll. Šerkšnytė hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir tónverk sín sem hafa fengið að hljóma víða um heim. Til að mynda hefur hljóðritun litháiska hljómsveitarstjórans Mirga Gražinytė-Tyla og Kremerata Baltica-hljómsveitarinnar á verkum Šerkšnytė, sem út kom undir merkjum þýska útgáfurisans Deutsche Grammophon árið 2019, vakið mikla athygli víða um heim.

Verkið *Eldar* (lit. *Ugnys*) var pantað af Bæversku útvarshljómsveitinni árið 2010 í tengslum við viðamikið verkefni þar sem tónskáldum var boðið að leggja út frá ævi og verkum Beethovens og voru nýju verkin svo frumflutt samhliða símfóníum hans. Verk Šerkšnytė var frumflutt á tónleikum með fimmtu símfóníu Beethovens og má greina í því enduróm af stefjum og hljómrænni framvindu sjálfar örlagasímfóníunnar. „Mér voru líka hugstæðar hinar örlagaríku kringumstæður Beethovens á tímanum þegar hann samdi fimmtu símfóníuna,“ skrifar tónskáldið. „Þetta varð til þess að ég samdi dramatíska tónlist, knúna mikilli innri spennu.“ En Beethoven var ekki eini innblásturinn að *Eldum*, heldur tilheyrir verkið röð hljómsveitarverka úr smiðju Šerkšnytė þar sem náttúruleg fyrirbæri og frumkraftar eru í forgrunni. „Í þessu verki reyndi ég að endurspeglar hin ólíku andlit eldsins: Frá fjarlægri skynjun um aðsteðjandi ógn til þrumandi sprenginga af uppsafnaðri orku – hin ólíku litbrigði og form sem birtast þegar eldurinn hitar, brennir og bræðir.“



Claude Debussy

LA MER

Hrifning Claude Debussy (1862-1918) á hafinu var djúp og víðfeðm. Sjálfur sagði hann það aðeins fyrir duttlunga örlaganna að hann varði ekki starfsævinni á sjó. Þetta má til sanns vegar færa: Faðir hans var postulínskaupmaður og fyrrum sjóliðsmaður sem séð hafði fyrir sér að elsti sonurinn gæti öðlast glæstan frama í sjóhernum eða á kaupskipum. Það átti þó ekki fyrir syninum að liggja að sigla lengra en yfir Ermarsundið – og fyrstu nóturnar að mikilfenglegasta hljómsveitarverki hans, *La mer*, eða *Hafinu*, voru festar á blað í hinu landlukta en gróðursæla Búrgundarhéraði í Frakklandi. Eins og sannur impressjónisti var Debussy heldur ekki bundinn af raunverulegri nálægð við hafið, heldur sókkti hann sér í óljós minningarbrott, kenndir, hugmyndir og drauma – eða eins og hann skrifaði vini sínum í bréfi: „Ég á ótal minningar sem að mínum dómi eru mun meira virði en veruleikinn. Þótt hann geti verið hrifandi í sjálfum sér á hann það til að íþyngja ímyndunaraflinu um of.“

Auk hughrifa úr æsku veitti málalalisti Debussy innblástur þegar hann vann að *La mer*. Nærtækt væri að leita fyrirmynda að hljómsveitarskrifum hans í margbreytilegu litrófi og áferð hafs og vatns í málalalisti samtímamanna á borð við Claude Monet. Debussy var þó ekki síður upptekinn af birtingarmyndum hafsins í austrænni myndlist. Ægífegurð og eyðileggingarmáttur hafsins eins og hann birtist í tréristu japanska listamannsins Hokusai, „Öldunni miklu,“ fangaði í myndunarafl Debussys alveg sérstaklega. Hann hafði eftirprentun af myndinni innrammaða uppi á vegg – og festi annað eintak af henni framan á nótnahandritið að *La mer* þegar það var frágengið.

La mer er hið eina af hljómsveitarverkum Debussys sem heldur á sinn hátt í hið hefðbundna, sífóníska form – þótt verkið hafi raunar einnig verið kallað eins

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Bandaríski hljómsveitarstjórinn George Cleve stjórnaði Sinfóníuhljóm-sveitinni þegar hún flutti *La mer* í fyrsta sinn á Íslandi haustið 1971. Næstu fjögur skiptin voru það aðalhljómsveitarstjórar sveitarinnar sem túlkuðu verkið, þeir Jean-Pierre Jacquillat (1980), Petri Sakari (1989), Osmo Vänskä (1995) og Rumon Gamba (2002). James Gaffigan stjórnaði verkinu árið 2008, George Benjamin árið 2014, Daníel Bjarnason 2015 og Hannu Linttu 2020. Síðast en ekki síst flutti Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands verkið haustið 2013 undir stjórn Petri Sakari.

konar „and-sinfónía“ vegna þess hve línur hins hefðbundna forms mást út og hverfa í síkvikum blæbrigðum tónlistarinnar. Verkið ber undirtitilinn „Þrjár sífónískar skissur“ og nefnist sú fyrsta „Frá dögum til hádegis við hafið“. Þar vefur Debussy hljóðfærum hljómsveitarinnar saman á einkar hugvitssamlegan hátt til þess að skapa tilfinningu fyrir birtubrigðum, vaggandi undiröldu og kliðmjúku öldugjálfri. Eftir lygnt upphafið magnast átökin í hafinu uns sólin er í hádegisstað svo stirnir á öldutoppa – og allt fellur í ljúfa löð á ný. Annar þátturinn ber heitið *Ölduleikur*. Rétt eins og hinn fyrri hefst hann mjúklega, en magnast fljótlega upp í kraftmikið og duttlungafullt *scherzo*, flóknasta og hraðasta hluta alls verksins. Lokapátturinn nefnist *Samtal vindsins og hafsins* en þar losnar ægikraftur hafsins úr læðingi í öllu sínu hamsleysi og óviðjafnanlegri fegurð.

Halla Oddný Magnúsdóttir

Á döfinni

13.01 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Portrett af Stephen Hough

EINLEIKSTÓNLEIKAR

Á föstudagstónleikum í Norðurljósum á morgun leikur Sir Stephen Hough nokkur hrifandi og virtúósísk einleiksverk úr ólíkum áttum. Tónleikunum lýkur á upplestri hans úr einni bóka sinna og spjalli um listina og lífið, en fáir listamenn samtímans eru viðlíka fjölhæfir og Hough sem auk píanóleiksins er bæði tónskáld, rithöfundur og listmálari. Efnisskráin ber vitni um vitt áhugasvið einleikarans: *Estampes* eftir Debussy er einstaklega myndræn og litrík tónlist (en estampes merkir einmitt þrykk) sem magnar upp andrúmsloft fjarlæggra slóða. En tvö verk eftir Franz Liszt eru á hinn bóginn innblásin af bókmenntum, nánar tiltekið af verkum tveggja höfuðskálda Ítalíu, Dante og Petrarca. Á efnisskránni er einnig að finna eina af tónsmíðum Houghs sjálfs, Partítu, sem sækir innblástur jafnt til stórbrotinna trúarlegra verka fyrir orgel og tónlistar katalónska tónskáldsins Federico Mompou.

19.01 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eva stjórnar Ravel

Af óviðráðanlegum orsökum þurfti austurríski slagverksleikarinn Martin Grubinger að draga sig í hlé og getur ekki flutt slagverkskonsert Daníels Bjarnasonar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í næstu viku, eins og áður var auglýst undir yfirskriftinni *Eva og Grubinger*. Í stað hans leikur bandaríski píanóleikarinn Claire Huangci hinn glitrandi fagra og kraftmikla píanókonsert Maurice Ravel í G-dúr, síðasta stóra tónverkið sem tónskáldið lauk við á ævinni. Að auki fá tónleikagestir að heyra frumflutning á öðru íslensku tónverki, verkinu *Jörð mistur himinn* eftir Hauk Tómasson sem kallast á við málverk Georgs Guðna Haukssonar og kallar fram draumkennda liti og áferð í tónum, *Haffnersinfóníu* Mozarts og hljómsveitarsvítu úr *Dafnis og Klói* eftir Ravel. Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, heldur um tónsprotann.

26.01 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Flekaskil

Hinir árlegu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir merkjum tónlistarhátíðarinnar Myrkra músíkdaga í lok janúar eru langþráðir í þetta skiptið, enda setti heimsfaraldur strík í reikninginn síðustu tvö árin. Fimm glæsileg og gagnólík verk eru á efnisskránni; verk Hauks Tómassonar, *It Relaxes Me, the Repetition*, *Pons Papilloma* eftir Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur og *Capriccio* eftir Áskel Másson, sem samið er fyrir darabuka, bikartrommu ættaða frá Tyrklandi og Austurlöndum nær, og bregður tónskáldið sér sjálft í hlutverk einleikarans á tónleikunum. Einnig hljómar verk Gunnars Andreasar Kristinssonar, *Flekar*, og *Mar* eftir Kjartan Ólafsson, sem er tileinkað minningu finnska tónskáldsins Einojuhani Rautavaara. Einleikarar á tónleikunum eru Áskell Másson, Vera Panitch, Bryndís Halla Gylfadóttir og Grímur Helgason, en hljómsveitarstjóri er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári, Nathanaël Iselin.

27.01 FÖSTUDAGUR
Kl. 12:15



Hringla

Á þessum hádegistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum í ár hljóma verk eftir Báru Gísladóttur, en Bára hefur vakið verulega athygli undanfarin ár fyrir frumlegar tónsmíðar sínar og hlotið fjölda viðurkenninga. Hugmyndin að verkinu *VAPE* spratt út frá árás sem fimm menn gerðu með taugagasinu sarin í neðanjarðarlestarerfi Tókýó-borgar árið 1995, og er hljómsveitinni skipt í fimm hópa. *Hringla* er verk fyrir hljómsveit, rafmagnaðan kontrabassa og rafhljóð sem Bára frumflutti sjálf ásamt Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar í febrúar 2022, sem nýr vinningshafi Gladsaxe-tónlistarverðlaunanna. Upphafsverk tónleikanna er seiðandi kammerverk Báru „*the worlds within our petty voids*“ frá 2019 fyrir flautu, óbó, fiðlu, víólu og selló.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Emma Steele
Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Lin Wei
Kateryna Mysechko
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Joanna Bauer
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Joaena Hyewon Ryu
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Guðnadóttir
Justyna Bidler
Hlín Erlendsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Móeiður Sigurðardóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson
Hjörtur Eggertsson
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn

Flauta

Thomas Hancox
Björg Brjánsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir (piccolo)
Áshildur Haraldsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Helga Björg Arnardóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Joris De Rijbel
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Jóhann Ingvi Stefánsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Gunnhildur Einarsdóttir
Elísabet Waage

Píanó/Celesta

Guðrún Dalía Salómonsdóttir

Þákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason
Matthias Engler

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Hjórdís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs- og tæknimaður

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

